## Reikningur 81

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1905.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sjóður við ársbyrjun: | | | |
| Í Söfnunarsjóði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | kr. | 2991 33 |
| 2. Tekjur á árinu 1905: | | | |
| Vextir í Söfnunarsjóði . . . . . . . . . . . . . . . . . | | — | 115 89 |
| | Samtals | kr. | 3107 22 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Úthlutað á árinu 1905: | | | |
| Ekkju Vilborgu Oddsdóttur . . . . . . . . . kr. | 25 00 | | |
| — Þuríði Hannesdóttur . . . . . . . . . — | 25 00 | | |
| | | kr. | 50 00 |
| 2. Sjóður við árslok: | | | |
| Í Söfnunarsjóði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | kr. | 3057 22 |
| | Jafnaðarupphæð | kr. | 3107 22 |

Í stjórn Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu,
Akranesi 15. júní 1906.

*Sigurður Þórðarson.* *Jón Sveinsson.* *Jóh. Björnsson.*
*Oddg. Ottesen.* *Böðvar Þorvaldsson.*

## Auglýsing 82

um

**að sýslanirnar sem skólastjórar við hina fyrirhuguðu bændaskóla sjeu lausar, og um rekstur skólabúanna.**

Í næstkomandi fardögum verða settir á stofn samkvæmt lögum nr. 48 frá 10. nóvember 1905 tveir bændaskólar, annar á Hólum í Hjaltadal og hinn á Hvanneyri Borgarfirði.

Umsóknir um sýslanirnar sem skólastjórar við hvorn af skólum þessum verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. desember næstkomandi.

Laun skólastjóra eru 1500 kr. á ári og leigulaus bústaður í skólahúsinu.

Hver er sækir um skólastjórasýslanina, verður að taka það fram í umsókn sinni, hvort hann vilji takast á hendur að reka fyrir eiginn reikning hæfilega stórt bú á skólajörðinni.

**Aðrir,** sem kynnu að óska að reka fyrir eiginn reikning bú handa skólunum á jörðum þessum, verða að hafa sent tilboð um það til stjórnarráðsins einnig fyrir 1. desember þ. á.

Stjórnarráð Íslands, 7. septbr. 1906.